



Framkvæmdaefirlit hjá Garðarstjörn á Seyðisfirði, Múlþingi



Rannveig Þórhallsdóttir
2022

Forsíðumynd: Horft til austurs yfir framkvæmdarsvæðið hjá Garðarstjörn, Seyðisfirði, þann 22. apríl 2021.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Október 2022

Efnisyfirlit

GRUNNUPPLÝSINGAR RANNSÓKNARINNAR	4
ABSTRACT	5
INNGANGUR.....	5
FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	5
MARKMIÐ.....	6
MEINTAR FORNMINJAR AÐ GARÐARSTJÖRN	6
FRAMKVÆMDAEFTIRLITIÐ.....	8
NIÐURSTÖÐUR	9
HEIMILDIR	10

Grunnupplýsingar rannsóknarinnar

Rannsóknarnúmer: 202104-00082.

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2021-18.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Kanna og meta aldur meintra minja hjá Garðarstjörn, Seyðisfirði.

Tegund rannsóknar: Könnunarskurðir hjá Garðarstjörn, Seyðisfirði, Múlapingi.


Staðsetning: Garðarstjörn, Seyðisfirði, Múlapingi.

GPS hnit: ISN93: 732866.8, 537669.6

Rannsóknartími: 22.04.2021.

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir f.h. Sagnabrunns ehf.

Fjöldi starfsmanna: Einn fornleifafræðingur.



Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu merkt inn með rauðu flaggi.

Abstract

The goal of the research was to evaluate the age of archaeological remains at Garðarstjörn in Seyðisfjörður, Múlaþingi. Garðarstjörn was registered in 2019 as archaeological remains (from 1895). It was previously used to create ice for fisheries and later as a swimming pool. Test pit nr. 1 was excavated in the north part of Garðarstjörn where pipes would cut the archaeological remains. No structure nor human occupation, apart from garbage from 20th and 21st century, could be found. To evaluate if the structure Garðarstjörn was perhaps 20 m further to the west a small test pit nr. 2 was taken through registered archaeological remains, but no indication of a human structure could be found there either.

The conclusion of the research is that the structure Garðarstjörn from 1895 is not under the area where pipes and walking path have been planned in Seyðisfjörður.

Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér að framkvæmdaefirlit á minjum fyrir HEF vegna framkvæmda að Garðarstjörn, Múlaþingi. Fulltrúi verkkaupa var Aðalsteinn Þórhallsson. Framkvæmdaefirlitið fór fram þann 22. apríl 2021, rannsóknin fékk númerið 202104-00082 hjá Minjastofnun Íslands og safnnúmerið 2021-18 hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Við framkvæmdaefirlitið vann einn fornleifafræðingur, Rannveig Þórhallsdóttir. Einn gröfumaður hjá Austurverki vann við framkvæmdina, Vernharður Ingi Snæþórsson. Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður, hjá Þjóðminjasafni Íslands var tengiliður rannsóknarinnar varðandi forvörslu ef forngrípjur skyldu finnast við rannsóknina.

Framkvæmdasvæðið

Framkvæmdaefirlitið fór fram á svæði þar sem áætlað var að lagnir og göngustígur myndu skera meintar fornleifar (manngerð tjörn) sem höfðu verið mældar upp árið 2019 hjá Garðarstjörn, Seyðisfirði.¹ Á myndum 1 og 2 má sjá staðsetningu könnunarskurða við norðaustanverða Garðarstjörn, Seyðisfirði, staðsetningu meintra fornleifa og áætlaða staðsetningu línulagna.

¹ Rannveig Þórhallsdóttir. (2019). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Hlíðarvegar og Múlavegar á Seyðisfirði.“ Fornleifafræðistofan; Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Seyðisfirði. Garðarsvegur, Langitangi og Fjarðarsel.“ Sagnabrunnur ehf.



Mynd 1. Hér má sjá merka inn staðsetningu könnunarskurða hjá Garðarstjörn, Seyðisfirði, Múlapingi m.v. uppmældar fornleifar (gulmerktar) og línulögn (hvítmerкта).

Markmið

Markmið rannsóknarinnar var að grafa könnunarskurð í gegnum fornleifar að Garðarstjörn til að meta tilvist, eðli, varðveislur, aldur og umfang fornleifa á framkvæmdarsvæði vegna deiliskipulags.

Meintar fornminjar að Garðarstjörn

Í skýrslu frá 2019 um Garðarstjörn segir: „Garðarstjörn liggur austan við Fjarðará og vestan við Rarik. Talið er að Garðarstjörn hafi verið gerð árið 1895. Hún er 180x118 m að stærð. Garðarsfélagið lagði Garðarsveginn með Fjarðará inn að manngerðu vatni eða tjörn sem hlaut heitið Garðarstjörn. Hún var búin til í þeim tilgangi að safna á hana ís til geymslu á fiski. Áætlað var að leggja járnbraut frá Garðarstjörn út á Búðareyri en ekki er hægt að sjá á heimildum að



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir Garðarstjörn og framkvæmdasvæðið á Seyðisfirði. Garðarstjörn sýnd með gulu og línulögn með hvítu.

þær áætlanir hafi komist í framkvæmd. Garðarfélagið virðist hafa verið virkt í atvinnulífinu á Seyðisfirði á árunum 1897–1899.² Í örnefnaskrá Einars Vilhjálmssonar um Seyðisfjörð segir: „Ís var tekinn að vetrinum á Garðarstjörn og seldur malaður í skip til beitugeymslu.“³ Garðarstjörn hefur verið lýst sem „...heilmiklu mannvirki sem síðar nýttist Seyðfirðingum til sundiðkana.“⁴ Á árunum eftir 1975 var efni úr bænum keyrt ofan í tjörnina, sem gerir hana illgreinanlega á nýlegum loftmyndum, en hún er vel greinanleg á lofmynd frá 1974. Í norðausturhluta tjarnarinnar var bryggja.“ Einnig segir: „Greinanlegt innra lag Garðarstjarnar er um 44x20 m. Samkvæmt munnlegum heimildum frá Ingu Hrefnu og Jóhanni Sveinbjörnsbörnum var þessi garður ekki til staðar fyrir 1950 þegar tjörnin var notuð sem sundlaug, en þó er hugsanlegt, þegar loftmynd frá 1974 er skoðuð, að þarna sé að finna hina

² Þóra Guðmundsdóttir. (1995). Húsasaga Seyðisfjarðar. Safnastofnun Austurlands. Seyðisfjarðarkaupstaður, bls. 45, 194-196, 232.

³ Örnefnaskrá, Seyðisfjörður. Einar Vilhjálmsson, Örnefnastofnun, bls. 103.

⁴ Þóra Guðmundsdóttir. (1995). Húsasaga Seyðisfjarðar. Safnastofnun Austurlands. Seyðisfjarðarkaupstaður, bls. 232.

upprunanlegu Garðarstjörn, en stór hluti garðsins er nú kominn undir efni sem var keyrt í hann á árunum eftir 1975.“⁵

Niðurstaðan fornleifaskráningarinnar árið 2019 voru þær að af heimildum að dæma væri Garðarstjörn fornt og því friðað mannvirki (yfir 120 ára), sem beri vitni um margskonar nýtingu; bæði stórhuga framkvæmdir tengt ísframleiðslu og hugmyndum um járnbraut sem og nýtingu sem margskonar tómstundastaður á yfir 70 ára tímabili.⁶

Framkvæmdaefirlitið

Þar sem heimildir bentu til að minjar væru á hluta svæðisins taldist nauðsynlegt að kanna og meta aldur minja áður en framkvæmdir hæfust. Tekinn var könnunarskurður nr. 1 í nyrsta hluta Garðarstjarnar þar sem lögn var talin skera skráðar minjar. Grafið var niður um 85 cm frá yfirborði. Engin hleðsla eða ummerki um mannvirkið Garðarstjörn fannst í könnunarskurði 1, einungis plast og rusl frá 20. og 21. öldinni. Á mynd 3 má sjá vestsnið í könnunarskurði 1. Þar sjást neðst mjög greinileg gjóskulög V-1160/H-1158 og slitrur af V-1477 gjósku en hvorki vísbendingar um mannvirkið Garðarstjörn né forna mannvist.



Mynd 3. V-snið í könnunarskurði 1.

⁵ Rannveig Þórhallsdóttir. (2019). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Hlíðarveggar og Múlavegar á Seyðisfirði.“ Fornleifafræðistofan; Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Seyðisfirði. Garðarsvegur, Langitangi og Fjarðarsel.“ Sagnabrunnur ehf.

⁶ Rannveig Þórhallsdóttir. (2019). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Hlíðarveggar og Múlavegar á Seyðisfirði.“ Fornleifafræðistofan; Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Seyðisfirði. Garðarsvegur, Langitangi og Fjarðarsel.“ Sagnabrunnur ehf.

Til að meta hvort mannvirkið Garðarstjörn væri um 20 m lengra til vesturs var tekinn lítill og um 40 cm djúpur könnunarskurður, nr. 2 í skráðar minjar, en engin ummerki fannst þar heldur um manngerðan strúktúr, sjá mynd 4. Engir forngripir fundust við rannsóknina. Skurðir voru mældur inn í Isnet hnitum og mæligögnum skilað til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 4. V-snið í könnunarskurði 2.

Niðurstöður

Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að ekki er hægt að sjá að mannvirkið Garðarstjörn frá 1895 sé undir því svæði sem heimildir bentu til, þar sem lagnir eða göngustígur hafa verið skipulagðar vegna deiliskipulags að Garðarsvegi, Seyðisfirði. Því er ekki talin ástæða til frekari rannsókna á svæðinu. Það er þó ákvörðun Minjastofnunar Íslands með hvaða hætti varðveislu eða frekari rannsóknum skuli vera háttað.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). „Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.“
Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Rannveig Þórhallsdóttir. (2019). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Hlíðarvegar og Múlavegar á Seyðisfirði.“ Fornleifafræðistofan.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Seyðisfirði. Garðarsvegur, Langitangi og Fjarðarsel.“ Sagnabrunnur ehf.

Þóra Guðmundsdóttir. (1995). Húsasaga Seyðisfjarðar. Safnastofnun Austurlands. Seyðisfjarðarkaupstaður.

Örnefnaskrá. *Seyðisfjörður*. Einar Vilhjálmsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir ljósmyndir teknar á vettvangi að Garðarstjörn.



IMG_1195.JPG



IMG_1196.JPG



IMG_1197.JPG



IMG_1198.JPG



IMG_1182.JPG



IMG_1183.JPG



IMG_1184.JPG



IMG_1185.JPG



IMG_1186.JPG



IMG_1187.JPG



IMG_1188.JPG



IMG_1189.JPG



IMG_1190.JPG



IMG_1191.JPG



IMG_1192.JPG



IMG_1193.JPG



IMG_1194.JPG

Fylgiskjal 2. Ljósmyndaskrá.

Mynd Nr.	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
1182	Horft til austurs yfir framkvæmdasvæðið að Garðarsvegi.	A	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1183	Horft til austurs yfir framkvæmdasvæðið að Garðarsvegi. Lagnir tilbúnar.	A	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1184	Grafa tekur könnunarskurð 1.	NA	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1185	Vernharður Ingi Snæbjörnsson grófumaður hjá Austurverki.	A	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1186	Vestur-prófill í könnunarskurði 1. V-1160/H-1158 gjóska og V-1477 slitur.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1187	Vestur-prófill í könnunarskurði 1. V-1160/H-1158 gjóska og V-1477 slitur.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1188	Vestur-prófill í könnunarskurði 1. V-1160/H-1158 gjóska og V-1477 slitur.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1189	Vestur-prófill í könnunarskurði 1. V-1160/H-1158 gjóska og V-1477 slitur.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1190	Vestur-prófill í könnunarskurði 1. V-1160/H-1158 gjóska og V-1477 slitur.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1191	Vestur-prófill í könnunarskurði 1. V-1160/H-1158 gjóska og V-1477 slitur.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1192	Horft yfir könnunarskurð 1. Engar minjar greinilegar.	NA	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1193	Horft yfir könnunarskurð 1. Engar minjar greinilegar.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1194	Vestur-prófill í könnunarskurði 2. Engar minjar greinilegar.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1195	Vestur-prófill í könnunarskurði 2. Engar minjar greinilegar.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1196	Vestur-prófill í könnunarskurði 2. Engar minjar greinilegar.	V	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D
1197	Horft yfir könnunarskurð 2.	NA	RP	22.04.21	Canon EOS 250 D